SKÓLAHREYSTI

**Efni : Skólahreysti 2013 - umsókn um styrk** Mosfellsbær apríl

Ágæta sveitarfélag, Skólahreysti vill byrja á því að þakka fyrir stuðning 2012

Markmið okkar með Skólahreysti er að auka hreyfingu unglinga og barna og gera heilbrigðan og góðan lífsstíl eftirsóknarverðan. Setja íþróttagreinar fram á áhugaverðan máta til að fanga hylli unglinganna. Þetta hefur okkur tekist með aðstoð íþróttakennara og skólastjórnenda

Í ár hafa 114 skólar tekið þátt í undankeppnum í Skólahreysti. Tólf skólar munu keppa til úrslita 02.maí í beinni útsendingu á Rúv í Laugardalshöll. Gera má ráð fyrir að um 4000 nemendur æfi fyrir Skólahreysti og/eða taki þátt í Skólahreysti-valáföngum innan skólanna. Nú eru sextíu og þrír skólar komnir með Skólahreystival í íþróttatímana og það er á áætlun okkar að þróa þessa valáfanga með því m.a. að útbúa leiðbeinandi gögn.

Mikil og góð stemning er meðal nemenda þeirra skóla sem taka þátt í keppninni og fylla litrík stuðningslið íþróttahúsin þar sem undankeppnir og úrslit fara fram, yfir 15.000 áhorfendur voru yfir keppnistímabilið 2012 til að hvetja krakkana til dáða og ekki verða þeir færri í ár. Vinsældir Skólahreysti hafa aukist jafnt og þétt og það er ljóst að Skólahreysti hefur hitt í mark meðal krakkanna, skólanna og ekki síst foreldranna sem hafa áttað sig á heilbrigðum skilaboðum keppninnar og mikilvægu forvarnargildi hennar.

Kostnaðaráætlun 2013 er kr.26.000.000

Við höfum nú í fyrsta skipti gert þriggja ára samning við Rúv og styrkir það stöðu okkar enn frekar til að halda verkefninu áfram. Nú erum við örugg með sýningar og höfum enn betri stöðu og tíma til að hlúa að verkefninu.

Með þessu bréfi leitum við eftir fjárhagslegum stuðningi að upphæð 200.000 kr. til að standa straum af kostnaði vegna þessa verkefnis.

Bestu kveðjur,

Andrés Guðmundsson / Lára Berglind Helgadóttir

**Icefitness ehf - Fellsás 12-270 Mosfellsbæ skolahreysti.is - skolahreysti@skolahreysti.is -gsm 6631111**

**kt- 451004-2390 – bankalína - 0315-26-004510**

Hafnarfjarðarbær
Innk: 22.4.2013
Málsnr: 1304451
Bréfal: 105